

Myndliðir

Jóhannes Dagsson



Mengi

16.05. 2014- 08.06. 2014

Málverk Jóhannesar Dagssonar eru nokkuð flóknar samsetningar. Í sumum má sjá óræð form sem hlaðast upp miðjan myndflötinn, hvert ofan á annað, máluð í mismunandi litum og með mismunandi áferð og pensilskrift. Stundum máluð þykkt en stundum svo þunnt að liturinn rennur til. Sumar eru bókstaflega settar saman úr fleiri en einum fleka og eru þá sumir fletirnir í raun ljósmyndir þótt varla megi greina í þeim neitt myndefni. Ljósmyndirnar kallast á við máluðu verkin og undirstrika óræðni þeirra: Óhlutbundnar myndir sem þó virðast draga okkur inn í einhvers konar frásögn og kalla á túlkun og tengingar við hinn sýnilega heim.

Þótt hundrað ár séu liðin frá því listamenn fóru fyrst að mála óhlutbundin málverk er ennþá eitthvað svolítið skrýtið við þau, einhver undarleg gáta eða þversögn. Þegar abstraktið kom fyrst fram töldu margir að þetta væri bara vegna þess að fólk væri ekki vant því að myndir væru ekki myndir af einhverju. Hvernig stendur á því að núna, þremur kynslóðum síðar, geta slík verk ennþá valdið okkur heilabrotum?

Í sumum af málverkum Jóhannesar sjáum við hann vega salt á mótum hins myndræna. Málverkin eru vissulega abstrakt en í þeim birtast form og litir sem virðast vísa í veruleikann, andlit, skip eða landslag. Það er sama hvað við streitumst á móti; myndirnar stökkva fram af striganum. Skynjun okkar er svo bundin veröldinni að það er beinlínis erfitt – ef ekki næstum ómögulegt – að mála mynd sem er svo abstrakt að einhver geti ekki lesið eitthvað úr henni. Þetta sannaði Jóhannes reyndar á skemmtilegan hátt á sýningu sinni í Listasafni ASÍ árið 2010 þegar hann sýndi ljósmyndir af samanbrotnum fötum sem litu út fyrir að vera af landslagi. Þar röðuðust mismunandi jarðlög eða gróðurbelti saman á myndfletinum, alveg eins og í landslagsmálverki. Það að lesa málverk og sjá eitthvað út úr þeim er ekki bara vani heldur hefur eitthvað með skynjun okkar og skilning að gera. Það þarf ekki nema þrjár, fjórar línur til að teikna andlit og ein lína dregin lárétt yfir myndflötinn minnir okkur á sjóndeildarhring og landslag.

Abstraktmálverk fjalla ekki um hlutveröldina, eru ekki myndir af neinu, en það þýðir auðvitað ekki að þau fjalli ekki um neitt. Fyrst og fremst fjalla þau um sjálf sig og í málverkum Jóhannesar sjáum við þetta glögg. Hann dregur athygli okkar að litnum og teflir ýmist saman andstæðum eða fínlegum tilbrigðum í litatónum. Mismunandi áferð litarins kallar líka á athygli okkar, spennan milli forma, milli litar og forms, milli ólíkra hluta myndflatarins. Abstraktmyndir snúast um þetta og um þau hughrif sem heildin kallar fram. Fagurfræði abstraktmálverksins fjallar – eins og frumkvöðlarnir sögðu – um liti, form og línur

Jóhannes brýtur þessa reglu samt á afdráttarlausan hátt með því að nota ljósmyndir sem hluta af samsettum málverkum sínum. Það má segja að ljósmyndin sé andstæða abstraktmyndlistarinnar: Ljósmyndin er alltaf af einhverju, skráning á sýnilegum veruleika, meira að segja þegar hún er jafn óræð og ljósmyndirnar sem Jóhannes notar. Hann hefur áður sýnt ljósmyndir sem hluta af málverki. Á sýningu hans í Hafnarborg 2005 var verk þar sem hann nýtti ljósmyndir úr landgræðsluferð bænda úr Aðaldal árið 1958. Þar fór ekki á milli mála að verkið væri frásögn, meira að segja frásögn af ákveðnum atburði, ákveðnu fólki og stöðum. Ljósmyndirnar sem hann notar nú sýna svo lítið að úr fjarlægð virðast þær vera lítið meira en yrróttir, gráir fletir og það er aðeins þegar við skoðum þær betur að við sjáum er þetta eru ljósmyndir. Það kemur á óvart og er næstum sjokkerandi: Hvað er veruleikinn að gera í þessu fallega abstraktverki?

Þannig leikur Jóhannes sér með skynjun okkar og væntingar en þótt leikurinn sé léttur og myndirnar fallegar getur sýningin vakið okkur til umhugsunar um það hvernig við upplifum veröldina í kringum okkur og hvernig sú skynjun stýrir skilningi okkar og hugsun.

Jón Proppé

Jóhannes Dagsson's paintings are complicated constructions. In some we can see amorphous shapes build up, layer by layer, along the centre of the canvas, painted in different colours and with different textures and brush techniques. Sometimes the paint is laid on thick, sometimes it is so thin that it runs. Some are assembled from two or more canvases and sometimes these panels are in fact photographs though it is difficult to discern what they might be photographs of. The photographs form a complicated relationship with the painted panels: These are abstract works that nonetheless seem to draw us into some kind of narrative and call for some interpretation and a connection to the visible world.

Although a century has passed since artists first began to make abstract paintings there is still something odd about them, a strange riddle or contradiction. In the early days, this was often explained as habit: People were used to pictures actually being pictures of something. How can it be that even now, three generations later, such art can still give us pause?

In some of his paintings, Dagsson seems to deliberately blur the line between abstraction and representation. The paintings are certainly abstract but as we look at them we start to discern images: A face, ship or landscape. It is hard to resist; the pictures seem to jump off the canvas. Our perception is so intimately tied up with the world that it is hard – if not nearly impossible – to make a painting that is so abstract that no one can see any pictures in it. Incidentally, this is something Dagsson proved in an interesting way in his exhibition at the ASÍ Museum in 2010 where he exhibited photographs of folded clothing, shot in such a way as to make them look like landscapes. In these pictures, geological strata and layers of vegetation piled up to create a remarkably realistic imitation of landscape paintings. Reading paintings and seeing pictures in them is not just a question of habit; it has something to do with the way we perceive and understand the world. Only three or four lines are needed to draw something we will recognise as a face and a single horizontal line across the canvas will bring to mind a horizon and a landscape.

Abstract paintings are not about the world of things, they are pictures of nothing, but that does not mean they are not about anything. First and foremost, abstract paintings are about themselves and Dagsson's paintings show clearly how this is done. He draws our attention to the colours and either shows clashing colours or fine gradations. The different textures of the paint also draw us in and we experience the tension between different forms, between the colours and the fields the form, as well as the tension between different parts of the canvas. This is what abstract paintings are about. As the pioneers of abstraction always said, the aesthetics of abstraction are about line, form and colour – nothing else.

Dagsson breaks this rule rather dramatically by using photographs as parts of his assembled paintings. Photography can be said to be the very opposite of abstract art: A photograph is always a picture of something, a record of the visible world, even when it appears as indistinct as the ones Dagsson uses. This is not the first time he has used photographs in conjunction with his paintings. In an exhibition in Hafnarborg, Hafnarfjörður, in 2005 he showed a piece that used photographs from a highland expedition in 1958. In that case it was clear that the piece was a narrative, a narrative about a particular group of people at a particular place and time. The photographs he uses now show so little that from a distance they look merely grey. It is only when we move in to look more closely that we realise they are photographs and it can come as a bit of a shock: What is reality doing in this beautiful abstract painting?

In this way Dagsson plays on our senses and expectations and, even though the paintings are playful and quite beautiful, the exhibition can still make us think about how we experience the world and how our perception guides our understanding and our thoughts.

Jón Proppé

Jóhannes Dagsson er myndlistarmaður og heimspekingur. Hann varði PhD gráðu í heimspeki við háskólann í Calgary 2012 og stundaði nám í myndlist við Edinburgh College of Art 2002-2003.

Jóhannes Dagsson is a visual artist and a philosopher. He received his PhD in philosophy from the University of Calgary in 2012 and studied visual art at the Edinburgh College of Art 2002-2003.

Helstu myndlistarsýningar/ selected exhibitions

“Aftur”. Samlagið, Gallerý. Akureyri. 2013

“Vensl”. Norrænahúsið. Reykjavík 2011.

“Firnindi”. Listasafn ASÍ. Reykjavík 2010.

“Stöðumyndir”. Gallery Dalí. Akureyri 2008.

“Textaskeyti”. Listasal Mosfellsbæjar. Mosfellsbær 2007.

“Latexpappír” samsýning í sal Íslenska Grafíkfélagsins. Reykjavík 2005.

“Endurheimt”, Hafnarborg. Hafnarfirði 2005.

“Jauðhildur”, samsýning í Gallerí Skugga. Reykjavík, 2003.

